

**Ed.**

**342. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1935 til 1937 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenskir sjómenn, nema leyfi atvinnumálaráðherra komi til.

**2. gr.**

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1936, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.